

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf., er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf., nr. 759 3. október 2001, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, á bráðamóttöku og göngu- og slysadeild sjúkrahúsa og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gert samning við skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almennatryggingar, með síðari breytingum.

Heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og sérfræðilæknum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærrí eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

2. gr.

Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og lækni hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðilækni fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislækni skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðilæknirinn skal ávallt senda lækna- bréf til heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðilækni án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislækni skal sérfræðilæknir þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins lækna- bréf. Komi sjúklingur til sérfræðilækni fyrir milligöngu annars sérfræðilækni skal síðari sérfræðilæknirinn ávallt senda lækna- bréf til heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins og þess sérfræðilækni sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.